



Morgunblaðið, 06.08.2026, síðu 61.
grein stærð: 1006.03 sm2
grein hæð: 38.59 sm

Valdaafsal

MYNDLIST

HLYNUR
HELGASON

Listasafni Reykjavíkur,
Hafnarhúsi

Karin Sander: 1957-2057 ★★★★★

Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésson.
Sýningin stendur til 19. september 2026 og er opin alla daga frá 10-17, fimmtudaga til 22.

Í Hafnarhúsinu stendur nú yfir viðamikil yfirlitssýning á verkum þýsku listakonunnar Karinar Sander sem í meira en þrjá áratugi hefur myndað sterk tengsl við Ísland og iðulega notað landið sem viðfangsefni í verkum sínum. Sýningin er öflugur vitnisburður um feril hennar og áherslur, þar sem fjölbreyttur efniviður og hugmyndir birtast á oft óvæntan máta; hér eru hlutirnir sjaldnast það sem þeir virðast vera.

Sander lærði myndlist í Stuttgart og var síðar meðal annars gesta-listamaður hjá Whitney-safninu í New York, auk þess að gegna prófessorsstöðu við Kunsthochschule Berlin-Weißensee og síðar við ETH í Zürich. Árið 2023 var hún fulltrúi Sviss á Feneyjatværingnum í arkitektúr. Hún hefur á ferlinum skapað sér sess sem einn af forvígismönnum alþjóðlegrar hugmyndalistar, og það birtist með skýrum hætti í núverandi sýningu.

Hugmyndalist

Sander vinnur í anda hugmynda-listastefnu sem á rætur að rekja til tíunda áratugar síðustu aldar, þar sem listhluturinn er ekki einskorðaður við sjálfan sig heldur verður til út frá samhengi við umhverfi sitt, áhorfendur og tilviljanakennda ytri viðburði. Þetta kemur skýrt fram í málverkaröðinni sem hér er sýnd, þar sem strigar hafa verið staðsettir á ýmsum stöðum utandyra. Niðurstaðan er verk sem skapast fyrir tilstilli veðurfars, óhreininda og í sumum tilvikum beinnar aðkomu grafflistamanna, án þess að gerður sé greinarmunur á þessum ólíku áhrifaöflum. Þessi „veðruðu málverk“ sem Sander sýnir hér eru



Ljósmyndir/Hlynur Helgason

Skanni Verkið „3D Body Scans“, 1997/2026. Um er að ræða vélbúnað sem notaður er til að skanna safngesti.

ný, gerð hér á landi, en eru að sama skapi áframhald af fyrri verkum hennar sem byggst hafa á sömu forsendum – að listamaðurinn afsali sér stjórn og láti umhverfið sjálft um að mála myndina.

Eldri verk á sýningunni sýna aðrar hliðar á sömu grunnhugsun. Hápólerað eggíð er dæmi um verk þar sem listviðburðurinn felst í því að fjarlægja tiltekna eiginleika ákveðins hlutar – skurnin er slípuð þar til hún verður spegilgljáandi. Sömu aðferð er beitt í myndverki þar sem yfirborð veggjar sýningarsalarins er slípað niður í steypuna undir. Í báðum tilvikum er verkið ekki afurð þess sem listamaðurinn hefur bætt við hlutinn, heldur frádráttur; listsköpunin felst í því að taka burt, ekki að bæta við.



Hænuegg Verkið „Hænuegg, pússað, hrátt, stærð 0“ frá árinu 1994.



Safngestir Sander sýnir þrívíddarprent af skönnuðum safngestum.



Strigar Myndaröðin „Nytjamyndir, Ísland“ frá árunum 2025-2026.

Þessi aðferð, sem Sander hefur þróað allt frá níunda áratugnum, er til marks um einbeitta afstöðu hennar til heimsins og listhlutarins; að benda á það sem er þegar til staðar frekar en að skapa eitthvað nýtt.

Þrívíddarskönnun

Mest áberandi verk sýningarinnar er nýjasta útgáfa þrívíddarskönnunarverks sem Sander hefur sýnt í ýmsum myndum undanfarna þrjá áratugi. Í eldri útgáfum var búnaðurinn fluttur í sérútbúnum flutningabíl en hér er um mun viðameiri uppsetningu að ræða og áberandi tölvustýrð stjórnstöð og áhorfendapallar eru í kringum skannann og þrívíddarprentarann. Áhorfendur geta látið skanna sig og látið gera af sér smækkaða eftirmynd sem síðan verður hluti af heildarverkinu sem felst í safni þess fólks sem kys sjálft að vera með og ákveða eigin ásýnd.

Í núverandi uppsetningu er ferlið orðið að hreinu sjónarspili, þar sem tæknin sjálf er ekki síður áhugaverð en niðurstaðan. Þróun verksins, sem í upphafi bar ein-kenni tæknilegra nýjunga tengdra tiskuiðnaðinum en er nú orðið að stórfelldu sjónarspili, endurspeglar á nístandi hátt hvernig fólk tekur, meðvitað og ómeðvitað, þátt í því aukna eftirliti sem samtíma-stýring felur í sér. Verkið er ekki lengur bara saklaus gerð þrívíðrar sjálfsmyndar, heldur er það orðið að táknmýnd þess hvernig við sjálf höfum smám saman gengist undir eftirlitsvædda sjálfsbirtingu, langt umfram það sem tíðkaðist þegar Sander hóf sýningar á verkum í þessum dúr.

Sterk kynning

Sýningin í heild er sterk kynning á höfundarverki Karinar Sander; höfundarverki sem hefur fylgt sömu grunnhugsun í fjóra áratugi án þess að staðna. Styrkur listamannsins liggur í því hvernig hún lætur einfaldar, oft nánast ósýnilegar aðgerðir – að slípa, að bíða af sér veður, að leyfa vél að endurgera líkama – verða tilefni til umhugsunar um stærri spurningar sem snúast um stýringu, tilviljanir veruleikans og sjálfsmynd fólks almennt.